Lögfesting á greiðsluskyldu launagreiðenda til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með september 2011



ATARNA

Samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi í júní síðastliðnum (breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða) þá ber öllum launagreiðendum að greiða 0,13% af heildarlaunum allra starfsmanna sinna til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með 1. september 2011 – þ.e. miða skal við iðgjaldastofn septembermánaðar 2011. Fram að þessum tíma hefur einungis verið kveðið á um greiðsluskyldu í kjarasamningum en nú nær hún til allra launamanna samkvæmt lögum þar með talið til sjálfstæðra atvinnurekenda og þeirra sem ekki eru félagsmenn stéttarfélaga.

Launagreiðendum ber að standa skil á iðgjaldinu til viðkomandi lífeyrissjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald og munu lífeyrissjóðir síðan ráðstafa gjaldinu til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs.

Iðgjaldið veitir launamönnum réttindi til þjónustu hjá VIRK ef heilsubrestur veldur skertri starfsgetu. Markmiðið er að auka getu til virkrar þátttöku á vinnumarkaði og draga þannig markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, starfsendurhæfingu og öðrum úrræðum.

Um er að ræða fjölbreytta þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem veitt er af sérhæfðum ráðgjöfum hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem og fjölbreyttum hópi sérfræðinga og fagaðila um allt land.

Nánari upplýsingar um VIRK – Starfsendurhæfingarsjóð er að finna á heimasíðu sjóðsins www.virk.is eða í síma 5355700.

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

www.virk.is